

Nd.

458. Tillaga

til þingsályktunar um laun tveggja kennara Flensborgarskólans.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða tveimur kennurum Flensborgarskólans, þeim præg. hon. Janusi Jónssyni og Lárusi Bjarnasyni, full laun sin næsta skólaár, hvort sem skólinn starfar eða ekki, af því fje, sem skólanum er ætlað í 14. gr. XIV, b., gildandi fjárlaga.

Greinargerð

felst í brjefi því, sem hjer er prentað á eftir, frá skólastjóranum í Flensborg.

Með því allar líkur eru til, að Flensborgarskólinn verði eigi látinn starfa á næsta vetri sökum dýrtíðarinnar, og að jafnvel þess vegna sje gert ráð fyrir að segja kennurum skólans upp, sem mundi verða óbærilegt fyrir þá, ekki síst vegna hinnar afskaplegu dýrtíðar, að missa laun sin og ef til vill

stöðu fyrirvaralítið, þá vil jeg eindregið mæla með því, að Alþingi heimili þessum tveim kennurum: præp. hon. Janusi Jónssyni og Lárusi Bjarnasyni, að fá full laun sin á næsta skólaári, hvort sem skólinn starfar eða eigi, af fje því, sem skólanum er veitt á fjárlögunum 1918–1919. Mjer er því ljúfara að mæla með því, af því þessir menn eru ágætis kennarar, og að þeir hafa átt svo mikinn þátt að ávinna Flensborgarskólanum það traust, sem hann nýtur hjá þeim, sem best þekkja til.

p. t. Reykjavík, 4. júlí 1918.

Ögmundur Sigurðsson.

Til

fjárveitinganefndar Alþingis.